

## Afgreiðslufundur

Árið 2026, þriðjudaginn 21. apríl kl. 14:15 var haldinn 1904. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Rúnar Grímsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Guðjón Ingi Eggertsson sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn LUX Market ehf., kt. 460225-0190, dags. 24. febrúar 2026, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli og afgreiðslu á óforpökkuðum ólífum og hnetum úr afgreiðsluborði (LUX Market) að Grensásvegi 12, F2015634, rými 01 0101. Breyting á starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Fade & Blade ehf., kt. 520126-0740, dags. 2. febrúar 2026, um skráningu á hársnyrtistofu (Fade & Blade) að Rauðarárstíg 1, F2009594, rými 01 0102. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi og starfsskilyrði fyrir hársnyrtistofu*.
- Lögð fram umsókn Kristeyjar Bjarnadóttur, kt. 150192-3239, dags. 31. mars 2026, um skráningu á starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta; fótaaðgerðastofa (Fótaaðgerðastofa Kristeyjar Bjarnadóttur) að Hæðargarði 31, F2035057, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi og Sértek starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta*.
- Lögð fram umsókn Dragonfly ink ehf., kt. 550321-2890, dags. 23. mars 2026, um skráningu á húðflúrstofu (Dragonfly ink á EVE fanfest) að Austurbakka 2, F2000239, í Silfurbergi, 2. hæð. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi og Sértek starfsskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir húðflúrun Dragonfly ink ehf. á EVE Online Fanfest 2026 í Hörpu þann 14. til 16. maí 2026*.

### Fundi slitið kl. 14:21

Guðjón Ingi Eggertsson

Jón Ragnar Gunnarsson

Rúnar Grímsson